

**Tollstjórinn í Reykjavík annars vegar og
SFR-stéttarfélag í almannajónustu hins vegar gera með sér eftirfarandi
stofnanasamning um nánari forsendur og reglur um röðun starfaflokka við
stofnunina skv. ákvæðum í kjarasamningi félagsins og fjármálaráðherra f.h.
ríkissjóðs, 9. mars 2005.**

**1. gr.
Gildissvið**

Stofnanasamningur þessi tekur til allra félagsmanna í SFR-stéttarfélagi í almannajónustu sem starfa hjá tollstjóranum í Reykjavík.

**2. gr.
Markmið**

- að launakerfið sé sveigjanlegt og ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum hætti og tryggi jöfn laun fyrir sambærileg störf án nokkurs konar mismununar s.s. vegna kynferðis
- að gagnsæi og hlutlægni sé gætt við launaákvæðanir
- að launakerfið nýtist sem stjórnþæki til að ná fram markmiðum tollstjórans í Reykjavík og stuðli að árangurstengingu launa í samræmi við markmið og stefnu embættisins
- að bæta nýtingu rekstrarfjármuna og skapa grundvöll fyrir aukinni hagræðingu
- að launakerfið feli í sér tækifæri fyrir starfsmenn til framgangs í starfi með hliðsjón af árangri og eðli þeirrar starfa sem þeir gegna
- að launakerfið stuðli að því að tekin verði upp starfsmannaviðtöl/frammistöðumat a.m.k. annað hvort ár.

3. gr. Starfaflokkar

Launakerfi tollstjórans í Reykjavík byggir á eftirfarandi starfaflokkum, hjá félagsmönnum SFR, þegar samkomulagið er undirritað. Til grundvallar röðun skal liggja starfslýsing viðkomandi starfsmanns:

Almenn skrifstofustörf: Almenn störf. Störf sem fyrst og fremst eru unnin undir stjórn annarra. Símvarsla, skráning upplýsinga og frágangur skjala getur verið hluti af starfinu.

Fulltrúi I: Starfið felur í sér að vinna sjálfstætt að verkefnum undir stjórn deildarstjóra og/eða verkefnastjóra. Verkefni miðast m.a. við móttöku og öflun gagna, úrvinnslu þeirra ásamt almennri miðlun upplýsinga til starfsmanna og viðskiptavina embættisins.

Fulltrúi II: Starfið felur í sér að vinna sjálfstætt að sérhæfðum og vandasömum verkefnum undir stjórn deildarstjóra og/eða verkefnastjóra. Starfið getur falið í sér bókun krafna, móttöku greiðslna, leiðréttingum og útreikningum á viðurlögum og vöxtum ýmissa gjalda. Starfið krefst viðtækrar þekkingar á málaflokkum viðkomandi starfssviðs. Þjónusta og leiðbeiningar við viðskiptavinum getur verið stór hluti af starfinu.

Sérfræðingur I: Starfið felur í sér sjálfstæða vinnu við sérhæfð og vandasöm verkefni undir stjórn deildarstjóra. Starfið krefst mikillar þekkingar á viðkomandi starfssviði. Hæfniskröfur sem gerðar eru til starfsins eru meiri en almennt gerist um önnur störf.

Sérfræðingur II: Starfið felur í sér sjálfstæða vinnu og umsjón með sérhæfðum, vandasömum og flóknum verkefnum undir stjórn deildarstjóra. Starfið krefst mikillar reynslu og þekkingar á þeim verkefnum sem um ræðir, t.d. bókhaldi, tækniþekkingu, tollalögum, stjórnsýslulögum, skattalögum og öðrum réttarreglum varðandi viðkomandi starfssvið. Hæfniskröfur, sem gerðar eru til starfsins eru meiri en almennt gerist um önnur störf.

Verkefnastjóri: Starfið felur í sér verkefnastjórn á sérhæfðum, vandasömum og flóknum verkefnum undir stjórn deildarstjóra. Starfið krefst mikillar reynslu og þekkingar á þeim verkefnum sem um ræðir, t.d. bókhaldi, tækniþekkingu, tollalögum, stjórnsýslulögum, skattalögum og öðrum réttarreglum varðandi viðkomandi starfssvið. Hæfniskröfur, sem gerðar eru til starfsins eru meiri en almennt gerist um önnur störf. Starfið getur falið í sér umsjón með störfum annarra starfsmanna.

Deildarstjóri: Starfið felur í sér stjórnun, áætlanagerð og samhæfingu við stefnu stofnunar ásamt yfirumsjón með úrlausnum allra verkefna deildar og skiptingu verkefna á milli starfsmanna. Deildarstjóri hefur umsjón með starfi annarra starfsmanna. Deildarstjóri annast skipulagningu og samhæfingu við meginmarkmið deildarinnar í samráði við forstöðumann. Í starfinu getur falið umsjón með samskiptum við ráðuneyti, önnur embætti og stofnanir vegna verkefna deildarinnar.

4.gr.
Röðun starfaflokka í launaflokka.

4.1. Lágmarkslaun/grunnröðun

Við upphaf starfs skal taka tillit til eðlis starfsins og starfsmanni ráðað í ramma í samræmi við það.

Röðun starfs í launaflokk er lágmarksröðun. Grunnröðun verður sem hér segir:

Starfaflokkur.	1.05.2006	1.05.2007
Almenn skrifstofustörf	07	08
Fulltrúi I	11	11
Fulltrúi II	12	12
Sérfræðingur I	13	14
Sérfræðingur II	14	15
Verkefnastjóri	14	15
Deildarstjóri	23	24

4.2. Staðgenglar

Við það skal miða að formlegir staðgenglar yfirmanna (deildarstjóra) raðist a.m.k tveimur launaflokkum hærra en ella (miðað við grunnröðun). Um önnur atriði varðandi staðgengla gilda ákvæði í kjarasamninga aðila.

4.3. Starfsreynsla

Starfsmaður, í öllum störfum nema deildarstjórastarfi, sem hefur öðlast starfsreynslu hjá embættinu skal hækka um launaflokka sem hér segir. Jafnframt er heimilt að meta starfsreynslu hjá öðrum ef talið er að hún nýtist í starfi og er því talin til starfsreynslu hjá embættinu að hluta eða öllu leyti:

- starfsmaður með þriggja ára starfsreynslu skal hækka um 1 launaflokk.
- starfsmaður með fimm ára starfsreynslu skal hækka um 1 launaflokk.

4.4. Menntun/Starfsnám

a) Starfsmaður með menntun er nýtist í starfi og hefur ekki verið tekið tillit til í grunnröðun starfsins skal hækka um launaflokk sem hér segir:

- starfsmaður sem hefur lokið eins til þriggja vetra námi skal hækka um 1 launaflokk.

b) Starfsmaður sem lokið hefur starfsmenntun, sem viðurkennd er af samningsaðilum, eða starfsmenntun/námskeiðum sem nýtast í starfi, skal hækka um launaflokka sem hér segir þegar eftirfarandi tímalengd er náð:

- starfsmaður skal, þegar 60 kennslustundum er náð, hækka um 1 launaflokk.
- starfsmaður skal, þegar 120 kennslustundum er náð, hækka um 1 launaflokk.
- starfsmaður skal, þegar 200 kennslustundum er náð, hækka um 1 launaflokk.

4.5 Annað

Heimilt er að hækka starfsmann um launaflokka ef hann/starfið uppfyllir einhverjar neðangreindar forsendur:

- starfið felur í sér sérstaka ábyrgð.
- starfið felur í sér flókin verkefni.
- starfinu fylgir kennsla eða leiðbeining annarra starfsmanna.
- starfinu fylgir ráðgjöf innan stofnunar eða utan.
- starfinu fylgir sérstakt álag, viðvarandi eða árstíðabundið.
- starfsmaður sinnir starfi á fleiri en einni starfstöð.
- starfsmaður sýnir góðan árangur í starfi.
- starfsmaður sýnir hæfni til samskipta og samvinnu.
- starfsmaður sýnir frumkvæði í starfi.

Embættið skal halda til haga skriflegum forsendum sem liggja að baki hækkunar á launaflokkum samkvæmt þessum lið. Samstarfsnefnd á rétt á því að fá að sjá umræddar forsendur.

5. gr.

Ágreiningur og endurskoðun

Ágreiningsmálum sem upp kunna að koma við framkvæmd stofnanasamnings þessa skal vísað til samstarfsnefnda í samræmi við ákvæði 11. kafla kjarasamnings fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs og SFR.

Varðandi endurskoðun vísast til gr. 11.4.1. kjarasamnings SFR og fjármálaráðherra.

6. gr.

Gildistími

Stofnanasamningur þessi gildir frá 1. maí 2006.

Reykjavík, 14. mars 2006

f.h. Tollstjórans í Reykjavík

f.h. SFR

Bókun með samningi milli tollstjórans í Reykjavík og SFR-stéttarfélags í almannajónustu um stofnanasamning skv. ákvæðum í kjarasamningi félagsins og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, 9. mars 2005:

Röðun starfaflokka í launaflokka skv. 4. gr. byggir á nýjum starfslýsingum fyrir alla starfsmenn sem gefnar eru út í tengslum við þennan samning. Jafnframt byggir þessi röðun á því að hæfnisflokkar skv. eldri samningi eru teknir að hluta til inn í grunnröðun í starfaflokkum almenn skrifstofustörf, sérfræðing I, sérfræðing II og verkefnastjóra. Forsendur fyrir röðun í launaflokka liggja fyrir í skjali sem báðir samningsaðilar hafa farið yfir og telst vera hluti af þessu samkomulagi.

**Breyting á stofnanasamningi
milli tollstjórans í Reykjavík og SFR-stéttarfélags í almannajónustu
um reglur um röðun starfa dags. 14. mars 2006.**

1. gr.

Grein 4.1. (lámarslaun/grunnröðun) orðast svo:

Við upphaf starfs skal taka tillit til eðlis starfsins og starfsmanni raðað í ramma í samræmi við það.

Röðun starfs í launaflokk er lámarsröðun. Grunnröðun verður sem hér segir:

Starfaflokkur.	1. 05.2006	1.05.2007
Almenn skrifstofustörf	07	09
Fulltrúi I	11	11
Fulltrúi II	12	12
Sérfræðingur I	13	15
Sérfræðingur II	14	16
Verkefnastjóri	14	17
Deildarstjóri	23	24

2. gr.

Samningur þessi öðlast þegar gildi og kemur til framkvæmda vegna launa sem eru greidd fyrir tímabíl frá og með 1. maí 2007.

Reykjavík, 8. mars 2007.

F.h. tollstjórans í Reykjavík

F.h. SFR